



Lions í sjónmáli

”Lions in Sight”

Ágætu Lionsfélagar

Framundan er alþjóðlegt kynningarátak Lions, sem við hvetjum ykkur til að taka þátt í, með þeim hætti sem hentar ykkur best. Markmiðið er að Lionshreyfingin verði sýnileg um allan heim á sama tíma, í seinni tvær vikur janúar 2010. Ýmsa viðburði sem þið erum með á dagskrá á næstunni, má e.t.v stilla inn á þennan tíma.

Lions í sjónmáli

Lions er þekkt fyrir sjónverndarverkefni, að bæta sjón fólks, en við erum oft ekki sýnileg almenningi. Sumir segja að Lions sé best varðveitta leyndarmálið. Til að auka sýnileikann eru Lionsklúbbbar um allan heim beðnir um að skipuleggja kynningarviðburði, seinni tvær vikurnar í janúar 2010, að vera með sérstakt kynningarátak sem við köllum “Lions í sjónmáli”

Markmiðið er einfalt – að auka vitund almennings um það HVER við erum og HVAÐ við gerum.

Á vefsíðu Alþjóðasamtakanna – LCI er sérstök síða um kynningarátakið “[Lions In Sight](#)” með hugmyndir og uppástungur um viðburði og kynningar. Þar eru líka dæmi um kynningarplaköt og fréttatilkynningar o.fl.

Það er ekki flóknara en þetta:

1. Segið almenningi frá klúbbnum ykkar með því að setja auglýsingu í blöðin, setjið veggspjald í búðaglugga eða á almannafæri, setjið fréttatilkynningu í bæjarblaðið og útvarpið.
2. Hafið opið hús eða setjið upp upplýsingaborð, þar sem þið getið heilsað upp á fólk og sagt frá verkefnum klúbbsins og hvað Lions gerir.
3. Skipuleggið verkefni sem hægt er að bjóða fólki þátttöku og að kynnast Lions í verki og hvernig við leggjum lið og höfum “gaman saman”.

Umfram allt, verið hugmyndaþrik og notið tengslanet Lionsfélaga til að framkalla hugmyndir að áhugaverðum viðburðum og aðlaðandi kynningu.

Nokkrar hugmyndir

Gerðið ykkur sýnileg, meðan þið leggið samfélaginu lið. Sýnið uppáhaldsverkefni ykkar, eða notið eitthvað af eftirtöldum hugmyndum, ef þær henta ykkar klúbbi og samfélagi.

- Sýnið friðarveggspjöldin sem tóku þátt í keppninni og kynnið verðlaunamyndina.
- Veitið viðurkenningar til sigurvegara í skólum, svæðum eða umdæmum.
- Verið með vinnuverkefni, þar sem klúbburinn vinnur við viðgerðir, malar eða hreinsar.
- Standið fyrir menningarviðburðum, t.d. dans, tónlist, handverks- eða matvörumarkaði.
- Sinnið umhverfisverkefnum svo sem snyrtingu garða, plöntun trjáa, eða endurvinnslu.
- Setjið upp gleraugnasöfnun Lions á fjölförnum stöðum.
- Haldið snjókarlasamkeppni með börnum, eða aðstoðið eldri borgara við snjómokstur.

Gangi ykkur sem allra best!

Guðrún Björt, Guðmundur og Kristinn